



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

20.2. 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þingmál 279.


Frumvarp þetta, lagt fram af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, felur í sér að einstaklingum sem eru með séreignarsparnað, í skilningi laganna, er tímabundið heimilað að nota fjármuni sem ella væru bundnir til 60 ára aldurs til þess að greiða niður skuldir sínar. Ekki er gert ráð fyrir beinni útgreiðslu fjármuna heldur millifærslu af hálfu vörsluaðila til niðurgreiðslu skulda til lánastofnunar eða lífeyrissjóðs. Ekki er gert ráð fyrir hámarki á úttekt sparnaðarins og úttektin getur átt sér stað í einu lagi. Tilefni tillögunnar eru þau efnahagslegu áföll sem dunið hafa yfir íslenskt samfélag á undanförunum mánuðum.

Grunnstoðirnar í lífeyriskerfi landsmanna eru réttindi hjá almannatryggingum og lífeyrissjóðum. Þriðja stoðin er viðbótarlífeyrissparnaður í séreign. Þessi leið er hugsuð til þess að stuðla að sveigjanlegri starfslokum og þess að brúa að hluta til bilið milli atvinnutekna og lífeyrisgreiðslna á fyrstu árum lífeyristöku. Fyrir liggur að breytt aldurssamsetning á komandi áratugum, þar sem í það stefnir að hlutföllin milli þeirra sem eru á vinnualdri og eftirlaunabega verði tveir á móti einum í stað sex á móti einum undanfarin ár, muni rýra mjög getu samfélagsins til þess að standa undir eftirlaunagreiðslum af skattfé. Af þeim ástæðum er afar brýnt að standa vörð um kerfi söfnunarsjóða, bæði sameignar og séreignar, til að standa undir greiðslu lífeyris í framtíðinni.

Yfirstandandi erfiðleikar kalla á það að leitað sé allra leiða til þess að milda áhrif þeirra. Samtök atvinnulífsins telja því að takmörkuð heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar sé réttlætanager við núverandi aðstæður en að frumvarpið gangi of langt í því efni. Íslendingar eiga 250-300 milljarða í séreignarsjóðum og gæti ótakmörkuð heimild til notkunar þessara fjármuna til niðurgreiðslu skulda valdið gífurlegu framboði verðbréfa sjóðanna til sölu á markaði. Fyrir liggur að eftirspurn eftir slíkum verðbréfum er lítil á markaði um þessar mundir og því myndi stóráukið framboð þeirra líklega leiða til verðfalls á eignum sjóðanna og rýra þannig hag allra sjóðfélaga. Það gæti minnkað traust á þessum sparnaðarkosti og dregið úr þátttöku í þessari sparnaðarleið. Af þeirri ástæðu er mikilvægt að fara varlega í sakirnar.

Mikilvægt er að setja þröng skilyrði fyrir heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar. Æskilegt er að heimildin einskorðist við einstaklinga sem orðið hafa fyrir tekjumissi af völdum efnahagsástandsins. Einnig er æskilegt að útgreiðslur séu bundnar fjárhæðarhámarki og dreifist yfir tíma til þess að koma í veg fyrir skyndilegt offramboð á verðbréfum og gefi vörsluaðilum nægilegt svigrúm til þess að mæta óskum um útgreiðslur.

Virðingarfyllst,



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri